

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins

Reykjavík, 10. nóvember 2025

SFS25110041

TILLAGA

Tillaga Sjálfstæðisflokksins um móttökuúrræði fyrir börn af erlendum uppruna með ólíkan menningarlegan og tungumálabakgrunn

Lagt er til að skóla- og frístundaráð samþykki að komið verði á laggirnar móttökuúrræði í reykvískum grunnskólum fyrir börn af erlendum uppruna með ólíkan menningarlegan og tungumálabakgrunn sem flytjast til landsins. Um yrði að ræða sambærilegt úrræði og móttökudeild sem Háaleitisskóli á Ásbrú í Reykjanesbæ hefur boðið upp á en sú starfsemi hefur gefið góða raun. Um yrði að ræða deild við skólana þar sem lögð er áhersla á að nemendurnir nái góðum tókum á íslensku auk góðrar undirstöðu í stærðfræði, lífsleikni og upplýsingatækni. Kosturinn við slíkar deildir innan skólanna er að þannig upplifa nemendur að þeir tilheyri ákveðnum skóla og kynnast þannig íslenskri skólamenningu áður en þeir fara inn í almennt bekkjarkerfi skólans. Slíkt úrræði stæði þessum nemendum til boða fyrsta árið sem þeir hefja skólagöngu í reykvískum grunnskóla.